

Fundur í foreldrafélagi Framhaldsskólans á Húsavík þriðjudaginn 16 nóv. kl. 17:15

Mættir: María, Hulda, Guðrún Gísla, Benedikt og Guðrún Kristins.

María setti fund og fór yfir dagskrá skólanefndarfundar sem verður 18. nóv.

María fer á fundinn fyrir okkar hönd og gerir athugasemdir við niðurskurð til Framhaldsskólans. Við skoðuðum einnig innramats skýrslu skólans og ræddum hana aðeins.

Laufey mætti á fundinn til okkar og sagði okkur frá stöðunni á facebook umræðunni frá síðasta fundi okkar þar sem fram kom að það yrði fjallað um þetta á fundi skólaráðs 17. nóv.

Laufey var búin að athuga fyrir okkur hvort að það væri í lagi að við hefðum ekki fastan fulltrúa í skólanefndinni og samkvæmt lagbókstafnum þar f að kjósa einn fulltrúa foreldra til setu og einn til vara. En ef skólanefnd samþykkir aðferð foreldrafélagsins ætti að vera í lagi að hafa ekki fastan fulltrúa. Frá þessu verður gengið á næsta fundi.

Hún fræddi okkur um þau verkefni sem krakkarnir eru búnir að vinna að í skólanum og frá degi íslenskrar tungu, og vorum við foreldrar inn á því að þetta þyrfti að komast inn á 640 og Skarp þannig að hinn almenni bæjarbúi gæti fylgst með því sem fram fer í Framhaldsskólanu. Ekki veitir af jákvæðum fréttum á þessum tímum.

Einnig sagði hún okkur frá því hvernig skólinn ætlar að taka á niðurskurðinum.

Við ræddum aðeins um Hollvinafélag F.S.H og að virkja það aftur.

María fer á skólanefndarfundinn og lætur í ljós ánægju okkar foreldra með hvað mæting kennara er góð og þær úrlausnir sem skólastjóri ásamt kennurum hafa gert þegar að veikindi hafa komið upp. Einnig kom fram hjá foreldrum að krakkarnir eru ánægðir í skólanum og líður vel.

Næsti fundur okkar verður í janúar og þá stefnum við á að hitta fulltrúa úr Hollvinafélaginu.

Fundi slitið kl:18:15

Fundarritari Guðrún Kristinsdóttir